
Þegar stjórnvöld velja sigurvegara

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans. 8. júní 2021

Hvað gerðist?

Frá hruni og til 2019

- Fordæmalaus hagvöxtur á Íslandi frá árinu 2011
 - Náði hámarki 2016, þegar hann var 7,4 prósent
 - Áframhaldandi hagvöxtur í kortunum
 - Krónan styrkst um tugi prósent, verðbólga lítil og ráðstöfunartekjur aukist
 - Mikil þörf á vinnuafli
 - Hægðist á 2019 þegar ýmis áföll skulu á
-

Árið 2020 átti að vera ár hinnar mjúku lendingar

- Aðlögun í ferðapjónustu í kortunum
 - Smávægilegum hagvexti spáð
 - Góð staða ríkissjóðs og risavaxinn varaforði
 - Vextir lækkaðir og ríkissjóðir rekinn með tíu milljarða króna halla
-

Svo kom COVID-19

- Í lok febrúar skall kórónuveirufaraldurinn á og ein harðasta lending sögunnar blasti við
 - Veikleikarnir koma í ljós:
 - Einhæft atvinnulíf
 - Viðkvæmur örgjaldmiðill
 - Algjört hrun verður í þjónustuviðskiptum
 - Mannafmsfrek atvinnugrein hverfur og sóttvarnaráðstafanir leiða til lokana
 - Tvenns konar meginvandi:
 - Framfærsluvandi
 - Rekstrarvandi hluta fyrirtækja
-

Helstu afleiðingar á fólk

- Í lok janúar 2021 voru 26.403 án atvinnu að öllu leyti eða hluta, 19.947 voru á örorku, 3.150 á endurhæfingarlífeyri og 1.852 að þiggja fjárhagsaðstoð. Alls 50.876 manns
 - Atvinnuþátttaka aldrei minni en 2020 og fór undir 80 prósent í fyrsta sinn.
 - Bitnar mest á ungu og erlendu fólk
 - Erfitt með að ná endum saman, verri andleg heilsa og neita sér um heilbrigðisþjónustu
-

Hvað var gert?

Aðgerðir stjórnvalda

- Ríkissjóður í góðum holdum til að takast á við stöðuna:
 - Lítil skuldsetning
 - Gott aðgengi að lánsfé
 - Stór gjaldeyrisvaraforði og mikið svigrúm til vaxtalækkana
 - Fjórir aðgerðarpakkar með beinum kostnaði upp á um 95 milljarða króna
 - Sjálfvirkir sveiflujafnarar
 - Halli upp á 600 milljarða króna á tveimur árum
-

Aðgerðir stjórnvalda

- Áhersla á að halda fyrirtækjum í ferðapjónustu lifandi
 - Hliðaráhrif hafa verið að hlutafé og eigið fé eigenda hefur verið varið
 - Seðlabankinn afnemur sveiflujöfnunarauka, lækkar stýrivexti og ríkið lækkar bankaskatt
 - Skilar sér í auknu eigin fé banka sem hefur að mestu verið lánað til þeirra sem þurftu minnst á því að halda
 - Framundan stórar arðgreiðslur til hluthafa banka
-

—

Hverju skilaði þetta?

Völdu sigurvegararnir: Sum fyrirtæki

- Hlutabætur
 - Uppsagnarstyrkir
 - Stuðnings- og brúarlán
 - Tekjufalls- og viðspyrnustyrkir
 - Frestun skattgreiðslna (vaxtalaus lán)
 - Jöfnun tekjuskatts
 - Ríkisábyrgð á lánum (Icelandair)
 - Ráðningarstyrkir
 - Lokunarstyrkir
-

Völdu sigurvegararnir: Sum heimili

- Kaupmáttur þeirra sem voru enn í vinnu jókst um tæp sex prósent 2020
 - Launavísitalan hækkaði um rúmlega tíu prósent
 - Fjármagnskostnaður hriðlækkaði
 - Húsnæðisverð hækkaði um 7,7 prósent
 - Sérþækar aðgerðir nýst (barnabætur, ferðagjöf, VSK-endurgreiðslur)
-

Völdu sigurvegararnir: Fjárfestar

- Hlutabréfaverð hækkaði um 80 prósent á einu ári án sýnilegrar ástæðu
 - Tíu prósent skattgreiðenda eiga 86 prósent allra verðbréfa
 - Háar arðgreiðslur í kortunum
 - Hærra húsnæðisverð skilaði mikilli arðsemi
 - Skattfrelsi fjármagnstekja var aukið
-

Tvær sögur af séreignarsparnaði

- Þeir sem hafa tekið út séreignarsparnað til að greiða niður húsnæðislán hafa fengið 21 milljarð króna í skattaafslátt
 - Þeir sem tóku út séreignarsparnað í COVID greiddu níu milljarða króna í skatta af honum
-

Taparar: Jaðarhópar

- Atvinnulausir:
 - Margir tapa miklu kaupmætti sem veldur fjárhagslegum erfiðleikum
 - Tekjutenging dugar sumum en ekki öðrum
 - Hækkun grunnbóta í 307 þúsund krónur dropi í hafið
 - Öryrkjar, aðrir lífeyrisþegar og aðrir lágtekjuhópar:
 - Lítið gert til að bæta stöðu þeirra sem var þegar erfið
 - Verðbólga étur upp virði króna í vasa þeirra
 - Erlendir ríkisborgarar:
 - Um 25 prósent atvinnuleysi
 - Voru 40 prósent allra atvinnulausra en 14 prósent íbúa
-

Taparar: Jaðarhópar

- Afleiðingarnar:
 - K-laga endurkoma
 - frekari ójöfnuður
 - Auknar líkur á langtímaatvinnuleysi
 - Auknar líkur á félagslegum vandamálum
 - Auknar líkur á geðrænum vandamálum
 - Auknar líkur á öðrum heilbrigðisvandamálum
-

Taparar: Önnur fyrirtæki og Ísland 2.0

- Stjórnvöld völdu sigurvegara:
 - Frá hruni hefur allt of mikil áhersla verið á ferðapjónustu
 - Önnur tækifæri hafa farið forgörðum
 - Of lítið í nýsköpun og sköpun starfa
 - Áhrif á samkeppnisumhverfi vanmetin (sum fyrirtæki misnotuðu úrræði)
 - Beðið eftir ferðapjónustunni:
 - Allt lagt undir á hana og ferðapjónustan sett í öndunarvél
 - Icelandair besta dæmið
-

—

Hvað hefði verið
hægt að gera?

Tækifærin sem fóru forgörðum

- Laga flókin og óréttlát framfærslukerfi
 - Borgaralaun/útgreiðanlegur persónuafsláttur eða önnur útfærsla að sama markmiði
 - Fjölga eggjunum í körfunni
 - Meiri fjárfesting í nýsköpun og að sækja tækifæri
 - Styrkja innviði
 - Of hæg framvinda og of mikil uppsöfnuð þörf
 - Ráðast hratt í stór verkefni
 - Tryggja virkni
 - Í stað þess að borga fólki fyrir að vera heima á að borga því fyrir að vera í virkni, kjósi það svo
-

Hvað er framundan?

- Erum þrátt fyrir allt á ágætis stað (ásættanleg skuldsetning, varaforði, lífeyriskerfi)
 - Hagvöxtur strax í ár en verðum lengst allra þróaðra ríkja að ná fyrri stöðu (haustið 2023)
 - Eyða okkur í gang eða spara fyrir framtíðina?
 - Baráttan við atvinnuleysið
 - Baráttan við verðbólguna
 - Endurskipulagning í ferðaþjónustu
 - Áframhaldandi áhersla á auðlindagreinar
 - Alþjóðleg umræða um skattlagningu á þá sem högnuðust
-

Takk fyrir!